SKÁTARNIR

# Bandalag íslenskra skáta

## Ársreikningur 2019

Bandalag íslenskra skáta
Kennitala 440169-2879
Hraunbæ 123, 110 Reykjavík

# Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 |
| Áritun skoðunarmanna reikninga | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7-8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10-14 |
| Sundurliðanir | 15-16 |

# Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi bandalagsins

Bandalag íslenskra skáta (BÍS) eru félagasamtök skáta og skátafélaga á Íslandi. BÍS rekur Skátamiðstöðina sem staðsett er í Reykjavík og er þjónustumiðstöð fyrir skátafélögin í landinu, auk þess að vera aðalmálsvari skátahreyfingarinnar gagnvart erlendum og innlendum aðilum. Sex stöðugildi voru hjá Bandalaginu á árinu eins og árið 2018.

### Starfsemin á árinu

Tap varð af rekstri Bandalagsins á árinu 2019 skv. rekstrarreikningi kr. 18,4 milljónir og eigið fé bandalagsins var kr. 248 milljónir í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Atburðir eftir reikningskiladag

Að mati stjórnar er ljóst að áhrif Covid-19 faraldursins mun hafa veruleg fjárhagsleg áhrif á rekstur Bandalagsins og dótturfélaga þess á árinu 2020. Skýrist það einkum af því að Landsmóti skáta hefur verið frestað til næsta árs og fyrirséður samdráttur í starfsemi Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni.

Vinna er hafin við endurskoðun áætlana fyrir árið 2020, því fyrirséð er að töluverðar breytingar verða í starfsemi dótturfélaga. Þrátt fyrir þessar breytingar á árinu telja stjórnendur að efnahagur Bandalagsins sé sterkur og áframhaldandi rekstur sé tryggður.

Nánar er fjallað um áhrif Covid-19 veiruna á starfsemi Bandalagsins í skýringu 14.

Það er álit stjórnar bandalagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Bandalagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun bandalagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta staðfesta hér með ársreikning BÍS fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. maí 2020.

| | | |
|---|---|---|
| Marta Magnúsdóttir<br>Skátahöfðingi | Kristinn Ólafsson<br>Framkvæmdastjóri | Ásgerður Magnúsdóttir<br>Formaður ungmennaráðs |
| Sævar Skaptason<br>Formaður fjármálaráðs | Björk Norðdahl<br>Formaður fræðsluráðs | Harpa Ósk Valgeirsdóttir<br>Formaður dagskrárráðs |
| Jón Halldór Jónasson<br>Formaður upplýsingaráðs | | |

## Áritun skoðunarmanna reikninga

Við höfum yfirfarið reikning Bandalags íslenskra skáta í samræmi við reglugerð um störf skoðunarmanna reikninga og teljum ekki ástæðu til athugasemda.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Þór Pétursson | Kristín Birna Angantýsdóttir | Þorsteinn Fr. Sigurðsson |

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Álit
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bandalags íslenskra skáta fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Bandalagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

*Grundvöllur álits*
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð Bandalaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi Bandalagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Ábending*
Án þess að gera um það fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli í skýrslu stjórnar og skýringu nr. 14 þar fjallað er um þá óvissu sem Covid-19 faraldurinn gæti haft á rekstur Bandalagsins.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum Bandalagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning Bandalagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi Bandalagsins. Stjórnendum Bandalagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

*Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins*
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits bandalagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að bandalagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 20. maí 2020.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Tryggvi Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Ljósbrá Baldursdóttir
Löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Ríkisstyrkur | | 39.450.000 | 38.100.000 |
| Þjónustu- og markaðsverkefni, tekjur | 16 | 2.960.000 | 4.719.300 |
| Félagsstarf, tekjur | 17 | 7.034.595 | 3.165.790 |
| Húsaleigutekjur | | 14.850.000 | 13.200.000 |
| Aðrar tekjur | 18 | 11.854.965 | 318.715 |
| | 2 | 76.149.560 | 59.503.805 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 40.539.913 | 32.222.933 |
| Þjónustu- og markaðsverkefni, gjöld | 16 | 1.697.507 | 3.166.089 |
| Félagsstarf, gjöld | 17 | 16.095.447 | 9.155.049 |
| Húsnæðiskostnaður | | 5.289.843 | 4.266.346 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 15 | 11.940.338 | 12.791.047 |
| Afskriftir | 6 | 2.046.669 | 2.049.845 |
| | | 77.609.717 | 63.651.309 |
| **Rekstrartap** | | (1.460.157) | (4.147.504) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 298.033 | 411.705 |
| Vaxtagjöld | | 0 | (30.131) |
| Gengismunur | | 28.595 | 61.150 |
| | 4 | 326.628 | 442.724 |
| **Tap án hlutdeildar í afkomu dótturfélaga** | | (1.133.529) | (3.704.780) |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 7 | (17.226.751) | (38.803.322) |
| **Tap ársins** | 9 | (18.360.280) | (42.508.102) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | 6 | 99.475.223 | 100.082.542 |
| Áhöld og tæki | 6 | 286.285 | 330.635 |
| | | 99.761.508 | 100.413.177 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 7 | 122.130.375 | 139.357.126 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 800.000 | 800.000 |
| | | 122.930.375 | 140.157.126 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 222.691.883 | 240.570.303 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Kröfur á tengda aðila | 11 | 69.229.794 | 77.705.234 |
| Aðrar skammtímakröfur | 19 | 3.867.621 | 905.907 |
| Vörslureikningur vegna styrktarsjóðs | 13 | 59.000.000 | 0 |
| Handbært fé | 5 | 4.950.997 | 537.810 |
| | | 137.048.412 | 79.148.951 |
| **Eignir samtals** | | 359.740.295 | 319.719.254 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 247.968.171 | 266.328.451 |
| | 9 | 247.968.171 | 266.328.451 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 2.905.837 | 2.483.526 |
| Skuld við tengda aðila | 11 | 41.179.455 | 42.338.773 |
| Ógr. stofnfjárframlag í styrktarsjóð | 13 | 59.000.000 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 20 | 8.686.832 | 8.568.504 |
| | | 111.772.124 | 53.390.803 |
| **Skuldir samtals** | | 111.772.124 | 53.390.803 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 359.740.295 | 319.719.254 |
| **Ábyrgðarskuldbindingar** | 10 | | |
| **Styrktarsjóður skáta** | 12 | | |
| **Atburðir eftir lok reikningsárs** | 14 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Tap ársins | 9 | (18.360.280) | (42.508.102) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 2.046.669 | 2.049.845 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | 7 | 17.226.751 | 38.803.322 |
| | | 913.140 | (1.654.935) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (2.961.714) | (12.042.745) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 540.638 | 45.172.577 |
| | | (2.421.076) | 33.129.832 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | (1.507.936) | 31.474.896 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaup á 50% hlut í Úlfljótsvatni ehf. | 7 | 0 | (31.985.508) |
| Kaupverð fjárfestinga | 11 | (1.395.000) | 0 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | 8.475.440 | 0 |
| | | 7.080.440 | (31.985.508) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuld við tengda aðila, breyting | 11 | (1.159.318) | 0 |
| | | (1.159.318) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 4.413.186 | (510.612) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 537.810 | 1.048.422 |
| **Handbært fé í árslok** | | 4.950.997 | 537.810 |

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 43.746.083 | 37.048.230 |
| Launatengd gjöld | 9.573.945 | 8.565.367 |
| Ýmis starfsmannakostnaður | 5.250.754 | 2.389.336 |
| Laun færð á aðra starfsþætti | (18.030.869) | (15.780.000) |
| | 40.539.913 | 32.222.933 |

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 6 og voru 6 á fyrra ári.

## 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

## 5. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og land | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árslok 2018:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 102.080.211 | 382.811 | 102.463.022 |
| Afskriftir | (1.997.669) | (52.176) | (2.049.845) |
| Bókfært verð í árslok | 100.082.542 | 330.635 | 100.413.177 |
| Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 124.883.441 | 1.986.593 | 126.870.034 |
| Afskrifað samtals | (24.800.899) | (1.655.958) | (26.456.857) |
| Bókfært verð í árslok | 100.082.542 | 330.635 | 100.413.177 |
| **Árslok 2019:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 100.082.542 | 330.635 | 100.413.177 |
| Viðbót ársins | 1.395.000 | 0 | 1.395.000 |
| Afskriftir | (2.002.319) | (44.350) | (2.046.669) |
| Bókfært verð í árslok | 99.475.223 | 286.285 | 99.761.508 |
| Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 126.278.441 | 1.986.593 | 128.265.034 |
| Afskrifað samtals | (26.803.218) | (1.700.308) | (28.503.526) |
| Bókfært verð í árslok | 99.475.223 | 286.285 | 99.761.508 |

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 50 ár |
| Áhöld og tæki | 7 ár |

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

**Fasteignamat og vátryggingaverðmæti**

Fasteignamat eignarhlutar BÍS í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 nam 134,4 millj. kr. í árslok 2019 og brunabótamat nam 200,7 millj. kr.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

**Veðsetningar**

Á fasteign félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum Grænna skáta ehf., sem voru að uppgreiðsluvirði um 56,7 millj. króna í árslok 2019.

# Skýringar

## 7. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Skáta-mót ehf. | Skáta-búðin ehf. | Grænir skátar ehf. | Útilífsmiðst. skáta Úlfljótsvatni | |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutdeild | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | Samtals |
| Hlutdeild 1/1 | 63.040.499 | 20.428.180 | 573.260 | 55.315.187 | 139.357.126 |
| Hlutdeild í afkomu | (11.619.993) | 117.563 | 10.260.566 | (15.984.887) | (17.226.751) |
| | 51.420.506 | 20.545.743 | 10.833.826 | 39.330.300 | 122.130.375 |

Á árinu keypti Bandalagið eignarhlut Skátasambands Reykjavíkur í Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni. Fyrir hlutinn var greitt bókfært verð í upphafi árs að viðbættum kr. 1.750.000 og er Bandalagið nú 100% eigandi Útilífsmiðstöðvarinnar.

## 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Önnur félög: | | | |
| Endurvinnslan ehf. | 2% | 750.000 | 750.000 |
| Úlfljótsvatn sf. | 25% | 50.000 | 50.000 |
| | | 800.000 | 800.000 |

## 9. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Eigið fé samtals |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 266.328.451 |
| Tap ársins | (18.360.280) |
| Staða í árslok | 247.968.171 |

## 10. Ábyrgðarskuldbindingar

**Ábyrgðarskuldbindingar**

Bandalagið er í ábyrgðum vegna lána Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni sem nema 39,7 milljónum króna og vegna lána Grænna skáta sem nema 56,7 milljónum.

# Skýringar

## 11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn bandalagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Krafa á Græna skáta ehf. | 28.926.620 | 45.187.139 |
| Krafa á Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni | 27.930.200 | 12.424.102 |
| Kröfur á Skátabúðina ehf. | 12.372.974 | 20.093.993 |
| | 69.229.794 | 77.705.234 |
| | | |
| Skuld við Skátamót ehf. | 41.179.455 | 42.338.773 |
| | 41.179.455 | 42.338.773 |

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

## 12. Aðrar upplýsingar

### Styrktarsjóður skáta

Sjóðurinn var stofnsettur 1998 og rennur árlega í hann hluti félagsgjalda BÍS og andvirði sölu minningarkorta sem og almenn framlög. Haldið er sérstaklega utan um fjármál sjóðsins og hann yfirfarinn samhliða ársreikningi BÍS. Sjóðurinn er ekki færður í ársreikninginn.

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Staða Styrktarsjóðs í byrjun árs | 14.881.096 | 13.677.450 |
| Framlög í sjóðinn á árinu | 1.023.626 | 1.750.694 |
| Ávöxtun á árinu | 511.320 | 482.952 |
| Styrkir úr sjóðnum | (671.725) | (1.030.000) |
| Staða Styrktarsjóðs í lok árs | 15.744.317 | 14.881.096 |
| | | |
| Inneign hjá BÍS | 2.750.992 | 2.456.518 |
| Bankareikningur í Íslandsbanka | 411.512 | 351.778 |
| Lausafjársafn Íslandsbanka | 12.581.813 | 12.072.800 |
| | 15.744.317 | 14.881.096 |

## 13. Skátasjóður Berents Th. Sveinssonar og Laufeyjar Guðbrandsdóttur

Á árinu 2018 var félagið arfleitt að íbúð sem var seld á árinu 2019. Samtals nam söluágóðinn, sem jafnframt er stofnfé sjóðsins, 59 millj. kr. og eru þeir fjármunir í vörslu Bandalagsins. Skátasjóðurinn hefur það markmið að efla foringjaþjálfun.

# Skýringar

## 14. Atburðir eftir lok reikningskárs

Frá lokun reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla Covid-19 veirunnar haft veruleg áhrif á efnahagsumhverfi Íslendinga. Áhrif Covid-19 á Bandalag íslenskra skáta taka að stórum hluta mið af afkomu dótturfélaga og ljóst er að félagið verður af umtalsverðum tekjum frá Skátamótum og rekstrartapi sem mun óhjákvæmilega hljótast af Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni. Skátamót hefur frestað Landsmóti íslenskra skáta til ársins 2021 og skátamót sem fyrirhugað var að fara á í sumar hefur verið aflýst. Aukinn kostnaður mun falla til við endurskipulagningu Landsmóts en einnig mun aukinn kostnaður hljótast af töpuðum staðfestingagjöldum vegna mótsins í Póllandi. Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni hefur orðið fyrir verulegum áhrifum en meginstarfsemi þess fyrstu mánuði ársins er móttaka skólahópa á virkum dögum og skátahópa um helgar. Hefur þessi starfsemi alfarið laggst af vegna samkomubanns með tilheyrandi tekjumissi. Erlendir skátahópar sem höfðu boðað komu sína í sumar hafa afbókað. Ljóst er minni umsvif í dótturfélögum hefur áhrif á Bandalag íslenskra skáta. Vinna er hafin við endurskoðun áætlana fyrir árið 2020 vegna áhrifa í rekstri dótturfélaga bæði í tekjumynstri sem og í gjöldum. Þrátt fyrir þessar breytingar á árinu telja stjórnendur að efnahagur Bandalagsins sé sterkur og áframhaldandi rekstur sé tryggður.

## Sundurliðanir

| 15. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður: | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Tölvukostnaður | 3.650.859 | 2.750.694 |
| Bókhaldskostnaður | 2.577.801 | 1.821.764 |
| Aksturskostnaður | 1.047.834 | 745.482 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 936.312 | 828.952 |
| Gjafir og styrkir | 262.875 | 313.591 |
| Pappír, prentun og ritföng | 524.765 | 529.075 |
| Bankakostnaður | 464.472 | 806.986 |
| Síma- og póstkostnaður | 436.441 | 944.690 |
| Ferðakostnaður | 325.687 | 1.168.394 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 0 | 580.444 |
| Framlag í Styrktarsjóð skáta | 1.000.000 | 1.695.415 |
| Annar kostnaður | 713.292 | 605.560 |
| | 11.940.338 | 12.791.047 |

**16. Þjónustu- og markaðsverkefni:**

| Tekjur: | | |
|---|---|---|
| Styrktarpinni | 2.860.000 | 3.288.000 |
| Skátablaðið | 100.000 | 1.426.800 |
| Friðarloginn | 0 | 4.500 |
| | 2.960.000 | 4.719.300 |

| Gjöld: | | |
|---|---|---|
| Styrktarpinni | 1.697.507 | 1.592.585 |
| Skátablaðið | 0 | 1.573.504 |
| | 1.697.507 | 3.166.089 |

**17. Félagsstarf:**

| Tekjur: | | |
|---|---|---|
| Fræðslumál | 2.963.050 | 857.401 |
| Félagaráð | 1.242.251 | 0 |
| Félagsgjöld | 814.200 | 1.041.028 |
| Endurfundir eldri skáta | 663.015 | 399.800 |
| Ungmennaráð | 444.308 | 256.500 |
| Skátaþing | 374.500 | 421.899 |
| Alþjóðamál | 280.011 | 172.234 |
| Dagskrármál | 253.260 | 0 |
| Aðrar tekjur | 0 | 16.928 |
| | 7.034.595 | 3.165.790 |

## Sundurliðanir

### 17. Félagsstarf, frh.:

| Gjöld: | | |
|---|---|---|
| Fræðslumál | 4.073.834 | 663.563 |
| Félagaráð | 2.509.680 | 116.800 |
| Alþjóðamál | 1.903.837 | 1.060.816 |
| Upplýsinga- og kynningarmál | 1.893.851 | 466.030 |
| Dagskrármál | 1.799.607 | 433.141 |
| Stjórn BÍS | 1.335.074 | 2.513.190 |
| Skátaþing | 1.029.850 | 645.012 |
| Endurfundir eldri skáta | 621.675 | 221.562 |
| Ungmennaráð | 426.637 | 401.844 |
| Afhending forsetamerkis | 247.606 | 0 |
| Félagsgjöld | 124.353 | 730.969 |
| Félagsforingjafundir | 47.957 | 90.737 |
| Erindrekstur | 35.540 | 9.031 |
| Félagatal | 0 | 14.031 |
| Bland í poka | 0 | 465.029 |
| Norrænt skátaþing | 0 | 1.323.293 |
| Annar kostnaður | 45.946 | 0 |
| | 16.095.447 | 9.155.049 |

### 18. Aðrar tekjur:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Umsýslukostnaður vegna skátamóta | 7.211.016 | 0 |
| Útlagður kostnaður og vinna vegna Kirkjubrautar | 4.431.449 | 0 |
| Styrkir til skátastarfs | 160.000 | 302.500 |
| Aðrar tekjur | 52.500 | 16.215 |
| | 11.854.965 | 318.715 |

### 19. Skammtímakröfur:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.479.377 | 893.893 |
| Fose - Friends in Europe | 419.706 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 58.827 | 312.014 |
| Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna | (90.289) | (300.000) |
| | 3.867.621 | 905.907 |

### 20. Skammtímaskuldir:

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt vegna styrktarsjóðs skáta | 2.750.992 | 0 |
| Ógreitt vegna starfsmanna | 4.399.680 | 4.234.001 |
| Kreditkort | 539.855 | 327.022 |
| Annað | 996.305 | 4.007.481 |
| | 8.686.832 | 8.568.504 |